649-509-00-5	hydrokarboner, C ₁₆ -C ₃₂ , aromatrike, solventekstrahert naftenisk destillat; baseolje - uspesifisert
649-510-00-0	hydrokarboner, C ₃₇ -C ₈₈ , avvoksede avasfalterte hydrogenbehandlede vakuumdestillasjonsrester; baseolje - uspesifisert
649-511-00-6	hydrokarboner, C ₃₇ -C ₆₅ , hydrogenbehandlede avasfalterte vakuumdestillasjonsrester; baseolje - uspesifisert
649-512-00-1	destillater (petroleum), hydrokrakkede solventraffinerte lette; baseolje - uspesifisert
649-513-00-7	destillater (petroleum), solventraffinerte hydrogenerte tunge; baseolje - uspesifisert
649-514-00-2	smøreoljer (petroleum), C ₁₈ -C ₂₇ , hydrokrakkede solventavvoksede; baseolje - uspesifisert
649-515-00-8	hydrokarboner, C ₁₇ -C ₃₀ , hydrogenbehandlet solventavasfaltert atmosfærisk destillasjonsrest, lette destillater; baseolje - uspesifisert
649-516-00-3	hydrokarboner, C ₁₇ -C ₄₀ , hydrogenbehandlet solventavasfaltert destillasjonsrest, lette vakuumdestillater; baseolje - uspesifisert
649-517-00-9	hydrokarboner, C ₁₃ -C ₂₇ , solventekstraherte lette nafteniske; baseolje - uspesifisert
649-518-00-4	hydrokarboner, C ₁₄ -C ₂₉ , solventekstraherte lette nafteniske; baseolje - uspesifisert
649-519-00-X	hydrokarboner, C ₂₇ -C ₄₂ , avaromatiserte; baseolje - uspesifisert
649-520-00-5	hydrokarboner, C ₁₇ -C ₃₀ , hydrogenbehandlede destillater, lette destillater; baseolje - uspesifisert
649-521-00-0	hydrokarboner, C ₂₇ -C ₄₅ , naftenisk vakuumdestillasjon; baseolje - uspesifisert
649-522-00-6	hydrokarboner, C ₂₇ -C ₄₅ , avaromatiserte; baseolje - uspesifisert
649-523-00-1	hydrokarboner, C ₂₀ -C ₅₈ hydrogenbehandlede; baseolje - uspesifisert
649-524-00-7	hydrokarboner, C ₂₇ -C ₄₂ , nafteniske; baseolje - uspesifisert
649-525-00-2	restoljer (petroleum), karbonbehandlede solventavvoksede; baseolje - uspesifisert

649-526-00-8	restoljor (petroleum), leirebehandlaðe solventavvokseðe; baseolje - uspesifisert
649-527-00-3	smøreoljor (petroleum), C ₂₅ , solventekstraherte, avasfaltete, avvokseðe, hydrogenerte; baseolje - uspesifisert
649-528-00-9	smøreoljor (petroleum), C ₁₇ -C ₃₂ , solventekstraherte, avvokseðe, hydrogenerte; baseolje - uspesifisert
649-529-00-4	smøreoljor (petroleum), C ₂₀ -C ₃₅ , solventekstraherte, avvokseðe, hydrogenerte; baseolje - uspesifisert
649-530-00-X	smøreoljor (petroleum), C ₂₄ -C ₅₀ , solventekstraherte, avvokseðe, hydrogenerte; baseolje - uspesifisert
649-531-00-5	ekstrakter (petroleum), tungt naftendestillat solvent-, aromatisk konsentrat; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-532-00-0	ekstrakter (petroleum), solventraffinert tungt parafindestillat solvent-; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-533-00-6	ekstrakter (petroleum), tunge parafindestillater, solventavasfaltete; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-534-00-1	ekstrakter (petroleum), tungt naftendestillat solvent-, hydrogenbehandlaðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-535-00-7	ekstrakter (petroleum), tungt parafindestillat solvent-, hydrogenbehandlaðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-536-00-2	ekstrakter (petroleum), lett parafindestillat solvent-, hydrogenbehandlaðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-537-00-8	ekstrakter (petroleum), hydrogenbehandlet lett parafindestillat solvent-; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-538-00-3	ekstrakter (petroleum), lett naftendestillat solvent-, hydrogenavsvolveðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-539-00-9	ekstrakter (petroleum), lett parafindestillat solvent-, syrebehandlaðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-540-00-4	ekstrakter (petroleum), lett parafindestillat solvent-, hydrogenavsvolveðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-541-00-X	ekstrakter (petroleum), lett vakuulgassolje solvent-, hydrogenbehandlaðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-542-00-5	ekstrakter (petroleum), tung parafindestillat solvent-, leirebehandlaðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-543-00-0	ekstrakter (petroleum), tungt naftendestillat solvent-, hydrogenavsvolveðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-544-00-6	ekstrakter (petroleum), solventavvokset tungt parafindestillat solvent-, hydrogenavsvolveðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-545-00-1	ekstrakter (petroleum), lett parafindestillat solvent-, karbonbehandlaðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-546-00-7	ekstrakter (petroleum), lett parafindestillat solvent-, leirebehandlaðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-547-00-2	ekstrakter (petroleum), lett vakuüm, gassoljesolvent, karbonbehandlaðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-548-00-8	ekstrakter (petroleum), lett vakuüm-gassolje solvent-, leirebehandlaðe; aromatisk ekstrakt av destillat (behandlet)
649-549-00-3	Foots oljor/parafinsvetteoljor (petroleum)
649-550-00-9	Foots oljor/parafinsvetteoljor (petroleum), hydrogenbehandlaðe; Foots olje/parafinsvetteolje
650-002-00-6	terpentin, olje; terpentin, vegetabilisk
650-003-00-1	4-klorfenylbensensulfonat; fenson

650-005-00-2	(2 <i>R</i> ,6 <i>aS</i> ,12 <i>aS</i>)-1,2,6,6 <i>a</i> ,12,12 <i>a</i> -heksahydro-2-isopropenyl-8,9-dimetoksykromeno[3,4- <i>b</i>]furo[2,3- <i>h</i>]kromen-6-on; rotenon
650-005-00-2	rotenone; derris
650-008-00-9	drazoksolon; 4-(2-klorfenylhydrazono)-3-metyl-5-isoksazon
650-009-00-4	<i>N'</i> -(4-klor- <i>o</i> -tolyl)- <i>N,N</i> -dimetylformamidinmonohydroklorid; klordimeformhydroklorid
650-015-00-7	kolofonium
650-016-00-2	Mineralull med unntak av slik nevnt annet sted í dette vedlegg; [Syntetiske glassaktige (silikat-) fibrer med vilkårlig orientering og et innhold av alkalioksider og jordalkalioksider (Na ₂ O+K ₂ O+CaO+MgO+BaO) som overstiger 18 vektprosent]
650-017-00-8	Keramiske mineralfibrer, spesialfibrer, med unntak av slike nevnt annet sted í dette vedlegg; [Syntetiske glassaktige (silikat-) fibrer med vilkårlig orientering og et innhold av alkalioksider og jordalkalioksider (Na ₂ O+K ₂ O+CaO+MgO+BaO) som er mindre enn eller lík 18 vektprosent]
650-018-00-3	reaksjonsprodukt av: acetofenon, formaldehyd, cykloheksylamin, metanol og eddiksyre
650-031-00-4	bis(4-hydroksy- <i>N</i> -metylanilinum)sulfat; 4-(metylamo)fenolsulfat
650-033-00-5	esfenvalerat; (S)- α -cyano-3-fenoksybenzyl-(S)-2-(4-klorfenyl)-3-metylbutyrat
650-041-00-9	triasulfuron; 1-[2-(2-kloretoksy)fenylsulfonyl]-3-(4-metoksy-6-metyl-1,3,5-triazin-2-yl)urea

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2004****2004/EES/43/25****frá 26. apríl 2004****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

IX. viðauki við samninginn breytist í samræmi við viðauka við ákvörðun þessa.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2004 frá 6. febrúar 2004 ⁽¹⁾.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2002/83/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

3. gr.

3) Með tilskipun 2002/83/EB eru felldar úr gildi, frá gildistökudegi þeirrar tilskipunar að telja, tilskipanir 79/267/EBE ⁽³⁾, 90/619/EBE ⁽⁴⁾ og 92/96/EBE ⁽⁵⁾ sem eru hluti af samningnum og ber því fella brott.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 54 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 63, 13.3.1979, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 330, 29.11.1990, bls. 50.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2004

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað textans í 11. lið (tilskipun ráðsins 79/267/EBE):

„**32002 L 0083**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (Stjtið. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við í a-lið 1. mgr. 6. gr.:

- fyrir Ísland:
Hlutafélag, gagnkvæmt félag.
- fyrir Liechtenstein:
Aktiengesellschaft, Genossenschaft, Stiftung.
- fyrir Noreg:
Aksjeselskaper, Gjensidige selskaper.

b) Ákvæði 57. gr. gilda ekki; í staðinn gilda eftirfarandi ákvæði:

Hverjum samningsaðila er heimilt, með samningum við eitt eða fleiri þriðju lönd, að samþykka að öðrum ákvæðum en þeim, sem kveðið er á um í 51. og 52. gr. og í 54.–56. gr. tilskipunarinnar, sé beitt, að því tilskildu að hinum váttryggingu sé veitt nægileg og sambærileg vernd.

Áður en samningsaðilarnir gera slíka samninga skulu þeir láta hver öðrum í té upplýsingar og hafa samráð sín á milli.

Samningsaðilarnir skulu ekki beita ákvæðum gagnvart útibúum váttryggingafélaga, sem eru með aðalskrifstofu fyrir utan yfirráðsvæði samningsaðilanna, er hefðu í för með sér betri kjör en þau sem bjóðast útibúum váttryggingafélaga sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðsvæði samningsaðila.

c) Að því er varðar tengsl við váttryggingafélög í þriðja landi sem lýst er í 59. gr. gildir eftirfarandi:

1. Með það fyrir augum að ná sem mestri samleitni í beitingu á reglum þriðja lands vegna váttryggingafélaga skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum svo sem lýst er í 1. og 5. mgr. 59. gr. Viðræðufundir skulu haldnir um málefni, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 59. gr., innan ramma sameiginlegu EES-nefndarinnar og í samræmi við sérstaka málsmeðferð sem samningsaðilarnir samþykka.
2. Leyfi, sem lögbær yfirvöld samningsaðila veita váttryggingafélögum, sem beint eða óbeint eru dótturfélög móðurfélaga er heyra undir lög þriðja lands, skulu gilda í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar alls staðar innan yfirráðsvæða allra samningsaðila.

Hins vegar,

- a) setji þriðja land magntakmarkanir varðandi stofnun váttryggingafélaga EFTA-ríkis eða höft á slík váttryggingafélög, sem það leggur ekki á váttryggingafélög Bandalagsins, gilda leyfi, sem lögbær yfirvöld veita váttryggingafélögum innan Bandalagsins, sem beint eða óbeint eru dótturfélög móðurfélaga er heyra undir lög þessa þriðja lands, aðeins innan Bandalagsins, nema EFTA-ríki ákveði annað fyrir eigið lögsagnarumdæmi,
 - b) hafi Bandalagið ákveðið að leyfisveitingar váttryggingafélaga, sem beint eða óbeint eru dótturfélög móðurfélaga er heyra undir lög þriðja lands, skuli takmarkaðar eða felldar niður um tíma, skal leyfi, sem lögbært yfirvald EFTA-ríkis veitir slíkum váttryggingafélögum, aðeins gilda í lögsagnarumdæmi þess, nema annar samningsaðili ákveði annað fyrir eigið lögsagnarumdæmi,
 - c) er óheimilt er að beita takmörkununum eða niðurfellingunni, sem um getur í a- og b-lið, gagnvart váttryggingafélögum eða dótturfélögum þeirra sem þegar hafa fengið leyfi á yfirráðsvæði samningsaðila.
3. Hvenær sem Bandalagið semur við þriðja land á grundvelli 3. og 4. mgr. 59. gr., til þess að ná fram sambærilegum kjörum við þau sem innlend félög njóta og markaðsaðgangi í reynd fyrir váttryggingafélög sín, skal það leggja kapp á að fá sömu kjör fyrir váttryggingafélög EFTA-rikkjanna.

- d) Í 1. mgr. 30. gr. komi orðin „EES-vísitala neysluverðs sem tekur til allra samningsaðila“ í stað orðanna „evrópsk vísitala neysluverðs sem tekur til allra aðildarríkja“.
2. Texti 12. liðar (tilskipun ráðsins 90/619/EBE) og liðar 12a (tilskipun ráðsins 92/96/EBE) falli brott.
3. Eftirfarandi bætist við í áttunda undirlið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB) 2. liðar (tilskipun ráðsins 73/239/EBE), fyrsta undirlið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB) liðar 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE), öðrum undirlið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB) 30. liðar (tilskipun ráðsins 85/611/EBE) og fyrsta undirlið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB) liðar 30b (tilskipun ráðsins 93/22/EBE):
- „, eins og henni var breytt með:
- **32002 L 0083**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 (Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1).“
4. Eftirfarandi bætist við í öðrum undirlið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB) liðar 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE), þriðja undirlið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB) 30. liðar (tilskipun ráðsins 85/611/EBE) og öðrum undirlið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB) liðar 30b (tilskipun ráðsins 93/22/EBE):
- „, eins og henni var breytt með:
- **32002 L 0083**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 (Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1).“

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 61/2004

2004/EES/43/26

frá 26. apríl 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2004 frá 6. febrúar 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Sökum hnattstöðu Íslands og strjálbýlis landsins, svo og samsetningar flugvélaflotans sem notaður er í innanlandsflugi á Íslandi, er nauðsynlegt að undanþiggja innanlandsflug á íslensku yfirráðasvæði ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 2320/2002. Fullnægjandi vernd næst með öryggisreglum sem gilda í innanlandsflugi á Íslandi samkvæmt landslögum.
- 4) Vegna sérstakra aðstæðna í Liechtenstein, sem stafa af því að yfirráðasvæðið er mjög lítið og staðhættir óvenjulegir og af þeirri staðreynd að heildarflugumferð í landinu er mjög lítil, ekkert reglulegt millilandaflug er stundað frá Liechtenstein og aðstaða til almenns flugs takmarkast við einn þyrluflugvöll, er rétt að láta reglugerð (EB) nr. 2320/2002 ekki gilda um núverandi aðstöðu til almenns flugs á yfirráðasvæði Liechtensteins.
- 5) Sökum þess að flestirnorskir héraðsflugvellir eru afskekktir og fullnægjandi vernd næst með öryggisreglum sem gilda í innanlandsflugi í Noregi samkvæmt landslögum er rétt að breyta deginum sem reglugerð (EB) nr. 2320/2002 kemur til framkvæmda á tilteknum héraðsflugvöllum í Noregi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB):

„66h. **32002 R 2320**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi (Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðar þessarar gilda ekki um innanlandsflug um flugvelli á íslensku yfirráðasvæði.
- b) Ákvæði reglugerðar þessarar gilda ekki um núverandi aðstöðu til almenns flugs á yfirráðasvæði Liechtensteins.
- c) Reglugerð þessi kemur til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2005 á þeim héraðsflugvöllum í Noregi sem um getur í 8. viðbæti við XIII. viðauka, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:
 - i) Ekkert reglulegt millilandaflug sé stundað frá flugvöllum.
 - ii) Á þeim flugvöllum í Noregi þar sem reglugerðin hefur komið til framkvæmda að fullu séu gerðar nauðsynlegar mótvægisráðstafanir vegna flugs frá sérhverjum þessara héraðsflugvalla – til að mynda með aðskilnaði brottfararfarga, sem hafa farið í gegnum öryggiseftirlit, og komufarþega sem hafa ekki farið í gegnum öryggiseftirlit samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar, og með því að endurtaka eftirlit með farþegum og farangri – til þess að tryggja að öryggi sé ekki ábótavant.“

2. Fyrirsögnin „**8. VIÐBÆTUR**“ bætist við í lok XIII. viðauka.

3. Texti viðaukans við ákvörðun þessa bætist við sem texti 8. viðbæti við XIII. viðauka.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2320/2002, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi*

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004

„Héraðsflugvellir í Noregi sem um getur í aðlögunarlið c) í lið 66h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002):

ANDØYA (herflugvöllur með almennri flugumferð)

BÅTSFJORD

BERLEVÅG

FØRDE, Bringeland

HAMMERFEST

HASVIK

HONNINGSVÅG, Valan

LEKNES

MEHAMN

MO I RANA, Røssvoll

MOSJØEN, Kjærstad

NAMSOS

NARVIK, Framnes

ØRSTA/VOLDA, Hovden

RØRVIK, Ryum

RØST

SANDANE, Anda

SANDNESSJØEN, Stokka

SOGNDAL, Haukåsen

SØRKJOSEN

STOKMARKNES, Skagen

SVOLVÆR, Helle

VADSØ

VÆRØY (þyrluflugvöllur)

VARDØ, Svartnes“

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2004

2004/EES/43/27

frá 26. apríl 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002) í XIII. viðauka við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„66i. **32003 R 0622**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9).“

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2004 frá 6. febrúar 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ⁽²⁾ var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 með sérstökum aðlögunarákvæðum fyrir einstök ríki.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 622/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 63/2004

2004/EES/43/28

frá 26. apríl 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

„66j. **32003 R 1217**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1217/2003 frá 4. júlí 2003 um sameiginlegar forskriftir fyrir innlendar áætlanir um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningfluggi (Stjtið. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 44).“

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2004 frá 6. febrúar 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningfluggi ⁽²⁾ var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 með sérstökum aðlögunarákvæðum fyrir einstök ríki.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1217/2003 frá 4. júlí 2003 um sameiginlegar forskriftir fyrir innlendar áætlanir um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningfluggi ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1217/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 44.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 64/2004****2004/EES/43/29****frá 26. apríl 2004****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2004 frá 19. mars 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1889/2002 frá 23. október 2002 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 448/98 um viðbætur og breytingar á reglugerð (EB) nr. 2223/96 að því er varðar skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM) innan evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (EPK) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda í Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19dc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2002) í XXI. viðauka við samninginn:

„19dd. **32002 R 1889**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1889/2002 frá 23. október 2002 um framkvæmd

reglugerðar ráðsins (EB) nr. 448/98 um viðbætur og breytingar á reglugerð (EB) nr. 2223/96 að því er varðar skiptingu óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM) innan evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (EPK) (Stjtið. EB L 286, 24.10.2002, bls. 11).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Reglugerð þessi gildir ekki í Liechtenstein.
- b) Reglugerð þessi gildir í Noregi frá 1. janúar 2006.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1889/2002, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 144 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 22, 29.4.2004, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 286, 24.10.2002, bls. 11.

^(*) Engin stjómSKIPuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 65/2004

2004/EES/43/30

frá 26. apríl 2004

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn,
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. mgr. 3. gr. bókunar 31 við samninginn:

„c) Gerðir bandalagsins sem koma til framkvæmda 1. janúar 2004:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- **32003 R 1382**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1382/2003 frá 22. júlí 2003 um að veita fjárhagsaðstoð Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo áætlunin) (Stjtið. ESB L 196, 2.8.2003, bls. 1).“

1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2002 frá 31. maí 2002 ⁽¹⁾.

2. gr.

2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1382/2003 frá 22. júlí 2003 um að veita fjárhagsaðstoð Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo áætlunin) ⁽²⁾.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2004.

3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2004.

3. gr.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 5.9.2002, bls. 38 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.9.2002, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 196, 2.8.2003, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 66/2004

2004/EES/43/31

frá 26. apríl 2004

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn,
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2003 frá 11. júlí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2317/2003/EB frá 5. desember 2003 um að koma á fót áætlun um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd (Erasmus Mundus áætlunin) (2004 til 2008) ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði 4. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir málsgrein 2g:

„2h. EFTA-rikin skulu taka þátt í eftirfarandi áætlun frá 1. janúar 2004:

- **32003 D 2317**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2317/2003/EB frá 5. desember 2003 um að koma á fót áætlun um að auka gæði æðri menntunar og efla skilning á annarri menningu með samvinnu við þriðju lönd (Erasmus Mundus áætlunin) (2004 til 2008) (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 1).“

2. Í stað texta 3. mgr. komi eftirfarandi:

„EFTA-rikin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í mgr. 1, 2, 2a, 2b, 2c, 2d, 2e, 2f, 2g og 2h í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2004.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 67/2004

2004/EES/43/32

frá 26. apríl 2004

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn,
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2003 frá 11. júlí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2318/2003/EB frá 5. desember 2003 um samþykkt áætlunar til margra ára (2004 til 2006) um skilvirka samþættingu upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT) í mennta- og starfsmenntakerfum í Evrópu (áætlun um rafræna menntun) ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði 4. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir málsgrein 2h:

„2i. EFTA-rikin skulu taka þátt í eftirfarandi áætlun bandalagsins frá 1. janúar 2004:

- **32003 D 2318:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2318/2003/EB frá 5. desember 2003 um samþykkt áætlunar til margra ára (2004 til 2006) um skilvirka samþættingu upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT) í mennta- og starfsmenntakerfum í Evrópu (áætlun um rafræna menntun) (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 9).“

2. Í stað texta 3. mgr. komi eftirfarandi:

„EFTA-rikin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í mgr. 1, 2, 2a, 2b, 2c, 2d, 2e, 2f, 2g, 2h og 2i í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2004.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 9.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 68/2004

2004/EES/43/33

frá 4. maí 2004

um að færa út gildissvið tiltekinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þannig að þær taki til nýrra aðildarríkja og um breytingu á tilteknum viðaukum við EES-samninginn vegna stækkunar Evrópusambandsins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 128. gr. EES-samningsins er kveðið á um að Evrópuríki, sem gangi í bandalagið, sé skylt að sækja um að gerast aðili að EES-samningnum, og að ákveða skuli skilmála og skilyrði fyrir slíkri aðild með samkomulagi milli samningsaðila og umsóknarríkisins.
- 2) Þegar viðræðum um stækkun bandalagsins lauk sóttu Lýðveldið Tékkland, Lýðveldið Eistland, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Lýðveldið Malta, Lýðveldið Pólland, Lýðveldið Slóvenía og Lýðveldið Slóvakía („nýju samningsaðilarnir“) um að gerast aðilar að EES-samningnum.
- 3) Samningurinn um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjaland, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu („samningurinn um stækkun EES“) var undirritaður 14. október 2003 í Lúxemborg.
- 4) Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. samningsins um stækkun EES skulu ákvæði EES-samningsins, með áorðnum breytingum samkvæmt þeim ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem samþykktar voru fyrir 1. nóvember 2002, verða bindandi fyrir nýju samningsaðilana með sömu skilmálum og fyrir núverandi samningsaðila og með þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í samningnum um stækkun EES.
- 5) Eftir 1. nóvember 2002 hefur nokkur fjöldi EB-gerða verið felldur inn í EES-samninginn samkvæmt ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar.
- 6) Til þess að tryggja einsleitni EES-samningsins og réttaröryggi einstaklinga og atvinnurekenda er nauðsynlegt að taka af allan vafa um að þessar EB-gerðir séu bindandi fyrir nýju samningsaðilana frá gildistöku samningsins um stækkun EES.
- 7) Aðildarlög ESB frá 16. apríl 2003 hafa að geyma undanþágur og aðlögunarákvæði vegna sumra þeirra EB-gerða sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn samkvæmt ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem samþykktar hafa verið eftir 1. nóvember 2002.
- 8) Í 5. mgr. 3. gr. samningsins um stækkun EES er kveðið á um að verði nauðsynlegt vegna tilkomu nýju samningsaðilanna að aðlaga gerðir sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn fyrir gildistöku samningsins um stækkun EES og sé aðlögunartextann ekki að finna í þeim samningi verði staðið að slíkri aðlögun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í EES-samningnum.
- 9) Í 2. mgr. 4. gr. samningsins um stækkun EES er kveðið á um að staðið verði að hverju því fyrirkomulagi, sem varði EES-samninginn og um geti í aðildarlögum ESB frá 16. apríl 2003 en er ekki getið í viðauka B við samninginn um stækkun EES, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í EES-samningnum.
- 10) Sameiginlegu EES-nefndinni ber því að fella þessi aðlögunarákvæði og undanþágur inn í EES-samninginn.
- 11) Í krafti EES-samningsins nær innri markaðurinn til EFTA-ríkjanna og því er nauðsynlegt, til þess að innri markaðurinn geti starfað snurðulaust, að ákvörðun þessi komi til framkvæmda jafnhliða gildistöku aðildarsáttmála ESB og samningsins um stækkun EES.
- 12) Þar eð samningurinn um stækkun EES hefur ekki enn öðlast gildi, en er kominn til framkvæmda til bráðabirgða, kemur þessi ákvörðun einnig til framkvæmda til bráðabirgða uns samningurinn um stækkun EES öðlast gildi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Allar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem samþykktar hafa verið eftir 1. nóvember 2002, teljast hér með bindandi fyrir nýju samningsaðilana.

2. gr.

Texti þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem um getur í 1. gr., skulu þýddir á tékknesku, eistnesku, ungersku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, slóvösku og slóvensku og fullgildir af hálfu samningsaðilanna.

3. gr:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í þeim liðum viðauka og bókana við EES-samninginn sem finna má í skránni í A-viðauka við ákvörðun þessa:

„– **103 T:** Lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, samþykkt 16. apríl 2003. (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33).“

2. Í þeim tilvikum að undirliðurinn, sem um getur í 1. mgr., er fyrsti undirliður síns liðar skulu koma á undan honum orðin „, eins og henni var breytt með:“.

4. gr:

Bráðabirgðaráðstafanir, sem um getur í B-viðauka við ákvörðun þessa, eru hér með felldar inn í EES-samninginn og verða hluti af honum.

5. gr:

Íslenskur og norskur texti þeirra kafla úr aðildarlögum ESB frá 16. apríl 2003, sem um getur í skránni í C-viðauka, verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* og telst fullgiltur.

6. gr:

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Þessi ákvörðun er með fyrirvara um stjórnskipuleg skilyrði sem samningsaðilar kunna að gefa til kynna vegna einhverra þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem um getur í 1. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda daginn sem samningurinn um stækkun EES öðlast gildi. Meðan beðið er gildistöku samningsins um stækkun EES kemur ákvörðunin til framkvæmda til bráðabirgða sama dag og samningurinn um stækkun EES kemur til framkvæmda til bráðabirgða.

7. gr:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. maí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

S. Gillespie

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

A-VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2004

Skrá sem um getur í 3. gr. ákvörðunarinnar

Undirliðurinn, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., bætist við á eftirtöldum stöðum í viðaukum og bókunum við EES-samninginn:

Í I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna), I. kafla (Dýr):

- 3. lið hluta 3.1 (tilskipun ráðsins 2001/89/EB),
- lið 9b í hluta 3.1 (tilskipun ráðsins 2002/60/EB),
- 2. lið hluta 9.2 (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/4/EB),
- 12. lið hluta 7.1 (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001).

Í II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun), IV. kafla (Heimilistæki):

- Lið 4g (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB).

Í IV. viðauka (Orka):

- Lið 11g (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB).

Í VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi):

- 28. lið (tilskipun ráðsins 74/557/EBE).

B-VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2004

Bráðabirgðaráðstafanir sem um getur í 4. gr. ákvörðunarinnar

I. viðauki (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1) Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunarákvæðunum í 10. lið 1. hluta III. kafla (tilskipun ráðsins 2002/53/EB):

„Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum, sem mælt er fyrir um í viðaukum við aðildarlögin frá 16. apríl 2003 að því er varðar Kýpur (2. liður II. hluta B-þáttar 5. kafla VII. viðauka), Lettland (II. hluti B-þáttar 4. kafla VIII. viðauka), Möltu (II. hluti B-þáttar 4. kafla XI. viðauka) og Slóveníu (II. hluti B-þáttar 5. kafla XIII. viðauka).“

2) Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunarákvæðunum í 12. lið 1. hluta III. kafla (tilskipun ráðsins 2002/55/EB):

„Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum, sem mælt er fyrir um í viðaukum við aðildarlögin frá 16. apríl 2003 að því er varðar Kýpur (2. liður II. hluta B-þáttar 5. kafla VII. viðauka), Lettland (II. hluti B-þáttar 4. kafla VIII. viðauka), Möltu (II. hluti B-þáttar 4. kafla XI. viðauka) og Slóveníu (II. hluti B-þáttar 5. kafla XIII. viðauka).“

C-VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2004

Skrá sem um getur í 5. gr. ákvörðunarinnar

Íslenskur og norskur texti eftirtalinna hluta aðildarlaganna frá 16. apríl 2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

- 2. liður 3. kafla II. viðauka (tilskipun ráðsins 74/557/EBE),
- 83. liður I. hluta B-þáttar 6. kafla II. viðauka (tilskipun ráðsins 2001/89/EB),
- 86. liður I. hluta B-þáttar 6. kafla II. viðauka (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001),
- 87. liður I. hluta B-þáttar 6. kafla II. viðauka (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/4/EB),
- 89. liður I. hluta B-þáttar 6. kafla II. viðauka (tilskipun ráðsins 2002/60/EB),
- 7. liður B-þáttar 12. kafla II. viðauka (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB),
- 2. liður II. hluta B-þáttar 5. kafla VII. viðauka (tilskipanir ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB),
- II. hluti B-þáttar 4. kafla VIII. viðauka (tilskipanir ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB),
- II. hluti B-þáttar 4. kafla XI. viðauka (tilskipanir ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB),
- II. hluti B-þáttar 5. kafla XIII. viðauka (tilskipanir ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB).

2004/EES/43/30	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2004 frá 26. apríl 2004 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins	165
2004/EES/43/31	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2004 frá 26. apríl 2004 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins	166
2004/EES/43/32	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2004 frá 26. apríl 2004 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins	167
2004/EES/43/33	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2004 frá 4. maí 2004 um að færa út gildissvið tiltekinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þannig að þær taki til nýrra aðildarríkja og um breytingu á tilteknum viðaukum við EES-samninginn vegna stækkunar Evrópusambandsins.	168

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

3. Dómstóllinn